SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til viðkomandi sveitarfélaga
og landshlutasamtaka

Reykjavík 30. september 2021

2109031SA ÞÞ
Málalykill: 02.20

Efni: Húsnæðissjálfseignarstofnun á landsbyggðinni

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var þann 24. september sl., var fjallað um verkefni sem snúa að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.

Kynnt var hugmynd sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur mótað og felur í sér að setja á fót húsnæðissjálfseignarstofnun (hses.) er starfi á landsbyggðinni. Markmið þessa nýja aðila verði að stuðla að uppbyggingu almennra íbúða þar sem þess er þörf utan höfuðborgarsvæðis og vaxtarsvæða, í þágu tekjulágra hópa á vinnumarkaði og þeirra hópa sem sveitarfélög bera sérstakar lagaskyldur gagnvart, m.a. fötluðu fólki.

Hugmynd HMS (sbr. meðf. minnisblöð og gögn) er hér með send til sveitarfélaga á landsbyggðinni og landshlutasamtaka þeirra.

Í samræmi við bókun stjórnar sambandsins er óskað eftir því að sveitarstjórnir á landsbyggðinni taki afstöðu til hugmyndarinnar og upplýsi sambandið um hana fyrir lok október.

Sérstök áhersla er lögð á að framkomin hugmynd **snýr að uppbyggingu íbúða skv. lögum nr. 52/2016, í þágu tiltekinna hópa.** Aðrar lausnir hafa einnig verið mótaðar sem snúa frekar að þróun almenns leigumarkaðar á landsbyggðinni m.a. með aðkomu Bríetar sem er leigufélag á vegum HMS. Með erindi þessu er ekki verið að óska eftir að sveitarstjórnir taki afstöðu til slíkra lausna.

Ef frekari upplýsinga er þörf vegna málsins veita sérfræðingar sambandsins þær fúslega, m.a. Tryggvi Þórhallsson lögfr. (tryggvi@samband.is). Viðbrögðum vegna erindisins verði einnig beint til hans.

Á fundinum fól stjórn sambandsins jafnframt framkvæmdastjóra að vinna fyrir hönd sveitarfélaga að því að stofna slíka húsnæðissjálfseignarstofnun formlega, í góðu samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og HMS, enda reynist víðtækur vilji til staðar meðal sveitarfélaga til að taka þátt í verkefninu.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Minnisblað HMS, dags. 17. september 2021, um samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni ásamt fleiri gögnum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026